



Heimilisiðnaðarsafnið - Textile Museum

ÍSLENSKA LOPAPEYSAN

UPPRUNI – SAGA - HÖNNUN

Þróun íslensku lopapeysunnar hefur verið samofin samfélags-, iðnaðar-, útflutnings-, hönnunar- og þróunarsögu þjóðarinnar. Hún þróaðist frá því að vera vinnufatnaður sem nýttist aðallega við erfið útistörf á sjó og landi í það að verða að þjóðlegri minjavöru og vinsælli tískuvöru. Þannig endurspeglar peysan lífshætti og sögu þjóðar.

Sýningin er hönnuð sem farandsýning og var fyrst opnuð í Hönnunarsafninu í desember 2017. Sýningin byggir á rannsóknarverkefni Heimilisiðnaðarsafnsins, Hönnunarsafns Íslands og Gljúfrasteins, hússkálðsins.

Vefsýning þessi endurspeglar sýninguna eins og hún var sett upp sem sérsýning í Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi árið 2019 - 2020. Gerð vefsýningarinnar var styrkt af Safnasjóði.



**HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS**
MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART





Íslenskar prjónakonur hafa átt veg og vanda af því að gera íslensku lopapeysuna að eftirsóknarverðri minja- og útflutningsvöru. Þjálfun og reynsla, formskynjun í munsturgerð, næmni fyrir litum og litasamsetningum ásamt ánægjunni af því að prjóna hefur verið undirstaða í hönnun lopapeysunnar.

Íslenska lopapeysan er fyrir löngu orðin klassísk þó svo hún fylgi straumum og stefnum í tísku að einhverju leyti. Flestir Íslendingar eru svo lánsamir að eignast að minnsta kosti eina lopapeysu á lífsleiðinni sem oftast en ekki er prjónuð af einhverjum nákomnum og gerir lífið hlýrra og betra.

Frá heimilisiðnaði til verksmiðjuvinnslu

Ullarvinna var mikilvægur heimilisiðnaður á Íslandi fyrr á tímum og þótti sjálfsagt að kunna að kemba, spinna og prjóna. Allir sem vettlingi gátu valdið tóku þátt.

Einkenni íslensku ullarinnar eru að reyfið skiptist í tog og þel. Þelið er næst skinninu, hárin mjúk, fíngerð, stutt og fjaðrandi. Togið er ytri hluti reyfisins og í því eru hárin löng, gróf og gljáandi. Togið var aðallega notað í fatnað sem átti að vera slitsterkur en þelið aftur í sitthvað sem þurfti að vera mýkra viðkomu. Þelið er loftmikið og veitir góða einangrun, en togið hrindir vel frá sér vatni og raka.

Pegar ullarvinnsla í verksmiðjum hófst á seinni hluta nítjándu aldar var farið að kemba og spinna í vélum. Vélarnar buðu ekki upp á að halda togi og þeli aðskildu. Því er lopinn sem við þekkjum í dag blanda af togi og þeli.

Nafnorðið „lopi“ er komið af sögninni „að lyppa“ sem er heitið á vinnsluferlinu frá því að búið er að kemba og þar til hefja á spuna á halasnældu eða rokk. Það tíðkaðist ekki að prjóna beint úr lopanum en þegar Íslendingar fóru að gera tilraunir með það komust þeir að því að flíkurnar urðu mun hlýrri.





Litbrigði íslensku ullarinnar og sýnishorn af togi og þeli.

Duggarapeysan – forveri lopapeysunnar

Vistarbandið var afnumið um aldamótin 1900. Þá fluttist vinnufólk úr sveitum í þéttbýlið í leit að nýjum tækifærum og margir karlmenn sóttu sjóróðra. Við þetta varð mikil eftirspurn eftir þægilegum og fljótunnum vinnupeysum. Þegar á 18. öld voru Íslendingar byrjaðir að þrjána grófar peysur úr snúnu togbandi, meðal annars til útflutnings.

Færeyskar duggarapeysur voru mikið auglýstar til sölu hér á landi í kringum aldamótin 1900. Slíkt bendir til að Íslendingar hafi ekki endilega sjálfir verið að þrjána peysur til sölu á þeim tíma. Eftir að sjómennska eykst við strendur landsins verða ýmsar breytingar á þrjánahefð landsmanna.

Íslenskar sjómannapeysur eða „duggarapeysur“ voru forverar lopapeysunnar hvað varðar notkun á lopanum og hversu fljótpþrjánaðar þær voru. Sjómenn um alla Norður-Evrópu notuðu duggarapeysur við vinnu sína. Varmi ullarinnar og teygjanleiki þrjánsins fóru vel saman í slíkan vinnufatnað, hvort sem var á sjó eða landi.

Munstur duggarapeysanna var ólíkt á milli landa og oft einnig áhafna en oftast var það í svörtum lit á hvítum grunni. Frá eldri tíð höfðu munsturformin á erlendu sjómannspeysunum oft tengst kristnum táknum eins og kross- og stjörnumynstrum, og voru mögulega ætluð til verndar. Íslensku sjómannapeysurnar voru ekki munstraðar. Hin svarthvíta ásýnd fékkst með blöndun tveggja eða þriggja lita sem mynduðu ynjótta áferð.



Ekki vitað hver þrjánaði upprunalega peysuna en talið hafa verið á árunum 1920 - 1940. Endurgerð 2018. Vilborg Einarsdóttir.



Listiðnaður og vöruþróun

Handavinna var gerð að skyldunámsgrein í grunnskólum landsins árið 1936. Stofnun kvennaskóla, húsmæðraskóla og Handiðaskólans, auk öflugrar starfsemi Heimilisiðnaðarfélags Íslands og Skrifstofunnar „Íslenzk ull“ á fyrri hluta 20. aldar lagði grunninn að öflugum listiðnaði og almennri þrónaþekkingu.

Árið 1939 var Skrifstofan „Íslenzk ull“ stofnuð af þeim Önnu Ásmundsdóttur og Laufeyju Vilhjálmsdóttur. Eftirspurn eftir ullarvörum hafði þá aukist talsvert. Eitt af aðalstörfum skrifstofunnar var að hvetja landsmenn til að vinna sem mest sína eigin ull. Einnig hvöttu þær Anna og Laufey til vöruvöndunar, og voru duglegar að halda samkeppnir þar sem óskað var eftir fallegum útivistarpeysum með þjóðlegu yfirbragði í takt við tísku þess tíma. Þærtöldu að miklir markaðsmöguleikar væru fyrir íslenskar þrónavörur, hér á landi jafnt sem erlendis.

„Íslensk peysa er engin hneisa“

Slagorð, Skrifstofan „Íslenzk ull“, Vísir 1938

„Við þurfum að geta hagað því svo, að ullin okkar geti orðið efni í eftirsóttu tízkuvöru, lúxusvöru jafnframt því sem hún er ómissandi nauðsynjavara.“

Útvarpstíðindi 1940

Rétt fyrir 1940 hélt „Íslenzk ull“ sýningu þar sem 150 konur sýndu ýmsar þrónavörur. Árið 1940 störfuðu á fimmta hundrað manns við að handþrjóna og vélþrjóna fyrir fyrirtækið, slíkur var vöxturinn.

Einkunnarorð „Íslenzkrar ullar“ voru
„Vinnum ull, hún verður gull“.



Upprunalega peysan var þrónuð af Guðrúnu Björnsdóttur 1854 – 1946. Endurgerð 2018. Vilborg Einarsdóttir.

Tíska og tíðarandi

Á meðal helstu einkenna íslensku lopapeysunnar eru munsturbekkirnir á axlasvæði. Ekki er hægt að staðsetja nákvæmlega hvenær peysan kom fram í þeirri mynd sem er einkennandi fyrir munstraða lopapeysu en rekja má útlit hennar til útprjónaðra peysa frá fjórða og fimmta áratugnum. Auður Sveinsdóttir Laxness (1918–2012) átti mikinn þátt í því að móta útlit íslensku lopapeysunnar og kynna hana í gegnum tengslanet sitt. Engin ein prjónakona „hannaði“ peysuna heldur hefur útlit og gerð hennar tengst mörgum áhrifavöldum og ekki síst því að hún þurfti að vera fljótprjónuð.

Ekki er vitað hver prjónaði þessa peysu sem var í eigu Halldóru Bjarnadóttur (1873–1981). Peysan er með svokallaðri sneiðingsúrtöku sem er afbrigði af laskaúrtöku, munsturbekkirmyndasamfelldanhringþótt skekkjurmyndistímunstriðviðúrtökustaði. Í framhaldinu þróaðist síðan hringúrtaka inn á milli munsturbekkja og þannig myndaði munsturbekkurinn samfelldan hring. Árið 1954 birti norsk prjónahönnuðurinn Unn Dale uppskrift af peysu með geislaúrtöku, þar sem tekið er úr inni í sjálfum munstureiningunum og var þessi aðferð einnig tekin upp hér.

Á fjórða áratugnum var útivist á borð við veiðar, útreiðar, siglingar og fjallaklifur, sem áður hafði verið hluti af lífsafkomu fólks, stunduð í frítíma efnafólks þar sem hreysti og útivera urðu hluti af lífsstílnum. Þessar nýjungar höfðu einnig áhrif á fatatískuna þar sem útivistar- og sportfatnaður varð nú nauðsynlegur og það komst í tísku að klæðast íslenskum útprjónuðum ullarpeysum úr bandi eða lopa.

Íslenskar prjónakonur prjónuðu af fingrum fram og lögðu margar metnað í að endurtaka aldrei sama munstrið. Prjónakonurnar þróuðu einnig prjöntæknina við gerð lopapeysunnar þannig að úr varð hand- og hraðprjónuð „fjöldaframleidd“ vara.



Ekki vitað hver prjónaði upprunalegu peysuna en talið hafa verið á árunum 1930 - 1940.

Endurgerð 2018. Vilborg Einarsdóttir.

Áhrif og innblástur

Íslendingar eiga ríkulega munsturhefð í hannyrðum og handverki frá fyrri öldum, sérstaklega í vefnaði og útsaumi. Íslenskar prjónakonur sóttu í þennan arf. Útskurður var einnig innblástur í munsturgerð, sem og náttúruform eins og fjallatindar og skýjabakkar. Bækur fyrir vefnað og útsaum sem gefnar voru út af Halldóru Bjarnadóttur og Heimilisiðnaðarfélagi Íslands frá 1928 og fram á fimmta áratuginn höfðu mótandi áhrif. Smám saman fer íslenska lopapeysan að endurspegla þjóðleg listgildi og handverksarf frá fyrri tíð hvað varðar ullina, sauðalitina, prjónhefðina og munsturarfinn.

Á fimmta áratugnum gætti hér einnig grænlenkra áhrifa í útliti og staðsetningu munsturbekkja í líkingu við perlukraga grænlenka kvenbúningsins. Má helst rekja það til þess að ferðamönnum og hermönnum sem hér dvöldu þótti þetta framandi og eftirsóknarvert. Útprjónaðar „grænlenskar“ peysur urðu vinsælir minjagripir hér á landi en grænlenkra áhrifa gætti einnig í peysutísku í Danmörku, Svíþjóð og Noregi.



Fyrsta lopapeysuuppskriftin á prenti

Íslenska lopapeysan var orðin vinsæll minjagripur á fimmta og sjötta áratug 20. aldar. Á sjöunda áratugnum hafði útsölustöðum fyrir lopapeysur fjölgað til muna og var víða hægt að nálgast þær.

Lopapeysuprjónið gat drýgt heimilistekjurnar og eftir því sem eftirspurnin óx sáu ullarverksmiðjurnar tekjulind í minjagripasölu til ferðamanna og til útflutnings. Þar með varð einnig meiri þörf fyrir prjónakonur sem kunnu til verka. Í Eldhúsbókinni árið 1963 birtist í fyrsta sinn uppskrift á prenti af íslenskri lopapeysu. Á seinni hluta sjöunda áratugarins og á þeim áttunda efndu ullarverksmiðjurnar Álafoss og Gefjun til samkeppna um lopapeysuuppskriftir. Markmiðið var að auka fjölbreytni í munsturgerð fyrir uppskriftabæklinga sem áttu að fylgja tilbúnum hespulopapakkingum. Minjagripaverslanir og verksmiðjusölur höfðu samráð við prjónakonurnar um útlit, stærðir og frágang á peysunum.



Prjónauppskrift frá 1963. Hólmfríður Árnadóttir.
Prjónuð af Vilborgu Einarsdóttur 2018.

Lopapeysan okkar allra

Í tugi ára hefur lopapeysan skipað stóran sess í lífi Íslendinga í starfi og leik á öllum aldursskeiðum.

Lumar þú á lopapeysumyndum?

Við tökum gjarnan við viðbótum í fjölskyldualbúmið



Fjöldaframleiðsla og útflutningur

Ullariðnaður á Íslandi stóð í miklum blóma frá því um 1960 og fram yfir 1980. Upp úr 1960 fór tískan að hafa meiri áhrif. Lopapeysan hafði náð mikilli útbreiðslu og tískusýningar voru haldnar þar sem fyrirsætur sýndu þessa eftirsóttu tískuvöru.

Þegar Íslendingar gengu í EFTA 1970 varð ullariðnaðurinn að stórum útflutningsiðnaði og ullarverksmiðjurnar Gefjun á Akureyri og Álafoss í Mosfellsbæ að stórfyrirtækjum. Árið 1968 hvarf síldin og atvinnuleysi jókst. Því kom hinn mikli útflutningur á ullarvörum sér afar vel fyrir þjóðarbúið.

Mikil eftirspurn hafði skapast eftir íslenskum peysum heima fyrir og ekki síður erlendis. Íslensku prjónavörunarþóttu náttúrulegar og listrænar. Lykillinn á bak við „fjöldaframleiðslu“ á íslensku handprjóni er hraðprjónið sem íslensku prjónakonurnar höfðu þróað.

Handprjónasamband Íslands var stofnað árið 1977 með það að markmiði að halda utan um kjör og réttindi prjónafólks og prjónahönnuða. Þegar útflutningur og sala á handprjónuðum lopapeysum var sem mestur, prjónuðu öflugustu prjónakonurnar að meðaltali fjórar til fimm peysur á viku.



Munsturgerð frá um 1970. Prjónuð af Valgerði Guðmundsdóttur.

Sameining, gjaldþrot og endurvakinn þrónaáhugi

Árið 1973 var ullariðnaður orðinn þriðja stærsta iðngrein landsins og hélt þeirri hlutdeild í allmörg ár. Í byrjun áttunda áratugarins settu Álafoss, Gefjun og Hilda á stofn eigin hönnunardeildir með hæfileikaríkum munsturhönnuðum, þrónakönnum og útlærðum textílhönnuðum. Hæfileikaríkar þrónakonur voru fengnar til að vinna módelpeysur og munstur fyrir bæklinga og uppskriftir.

Lopapeysumunstrin voru gefin út með uppskriftum í formi einblöðunga, þrónabæklinga eða í þrónabókum. Ullarverksmiðjurnar voru því farnar að stýra því hvaða munstur voru sett fram sem eftirsóknarverð. Eftir 1980 voru það þrónahönnuðir verksmiðjanna sem sáu um að hanna munstrin og útlit peysanna sem hin almenna þrónakona þrónaði.

Rekstrarörðugleikar ollu því að Gefjun og Álafoss sameinuðust árið 1987 undir nafni Álafoss. Eftir sameininguna minnkuðu umsvifin í kringum handþrónavöru þar sem megináhersla var lögð á vélþrónaða fatnaðinn. Á þessu tímabili voru íslenskar ullarvörur ekki vinsælar á meðal Íslendinga sjálfra og voru ástæður þess sagðar tengjast tísku og ómarkvissri markaðssetningu. Hrun Sovétríkjanna 1991 gerði það að verkum að Rússlandsmarkaðurinn brást. Sama ár var Álafoss tekið til gjaldþrotaskipta.

Handþrónaða lopapeysan hélt þó velli í höndum íslenskra þrónakvenna sem áður höfðu starfað fyrir stórfyrirtækin, en þrónuðu nú aðallega fyrir minjagripamarkaðinn vegna aukins ferðamannastraums til landsins.

Í kjölfar gjaldþrots Álafoss var fyrirtækið Ístex stofnað. Það hefur frá upphafi framleitt handþrónaband úr íslenskri ull og gefið út vinsælar handþrónabækur. Hjá Ístex störfuðu fyrstu árin þrjár konur við sölu og hönnun, þær Védís Jónsdóttir, hönnuður, Guðríður Ásgeirsdóttir, textíl- og iðnaðarverkfræðingur, og Þrúður Helgadóttir, sem sá um sölu- og markaðsmál. Segja má að þær hafi endurvakið áhuga Íslendinga á þróni í formi uppskriftavöru enda jók það bandsöluna til muna.



Efri: Frumgerð fyrir Calvin Klein.

Steinunn Sigurðardóttir 1991.

Neðri: Þrónauppskrift fyrir Ístex 2004. Guðrún R.



Sigurjónsdóttir. Þrónuð af Vilborgu Einarsdóttur.

Sköpun og þróun

Á síðustu árum hefur íslenska lopapeysan fengið byr undir báða vængi. Krúttkynslóðin svokallaða tók hana upp á sína arma um aldamótin 2000 en peysan endurspeglar gildi þessa hóps sem leitaði eftir því sem er göfugt og ekta. Með auknum ferðamannastraumi hefur eftirspurn eftir lopapeysunni margfaldast. Sú þróun hefur leitt til þess að sum íslensk fyrirtæki láta þrjóna peysur erlendis til þess að lækka framleiðslukostnaðinn og anna eftirspurninni. Handþrjónamarkaðurinn á Íslandi hefur lagt mikla áherslu á að íslenskar lopapeysur verði upprunamerktar, þannig að fram komi að þær hafi verið þrjónaðar á Íslandi og að munstrin séu íslensk.

Við eigum að virða lopapeysuna, vernda og viðhalda en vera á sama tíma óhrædd við að prófa okkur áfram og vera skapandi. Sköpunargleðin hefur alltaf verið hluti af lopapeysunni.





Loppapeysur
Loppapeysur er einn af bestu
þingum í landi. Þetta er
einn af bestu þingum í landi.
Loppapeysur er einn af bestu
þingum í landi. Þetta er
einn af bestu þingum í landi.

**Mesta úrval
af
Breytingum**
Loppapeysur er einn af bestu
þingum í landi. Þetta er
einn af bestu þingum í landi.

Karlmannapeysur
Loppapeysur er einn af bestu
þingum í landi. Þetta er
einn af bestu þingum í landi.

Kaupfél Verkamanna

Íslenska loppapeysur er tekið fram að nota megi
íslenska loppapeysur sem komu vörum árið 1910.
Loppapeysur er einn af bestu þingum í landi.
Loppapeysur er einn af bestu þingum í landi.
Loppapeysur er einn af bestu þingum í landi.

The Icelandic loppapeysur is made from organic Icelandic wool.
Loppapeysur is a traditional Icelandic garment made from organic Icelandic wool.
Loppapeysur is a traditional Icelandic garment made from organic Icelandic wool.
Loppapeysur is a traditional Icelandic garment made from organic Icelandic wool.
Loppapeysur is a traditional Icelandic garment made from organic Icelandic wool.

VIÐAUKI
FRÁ HEIMILISIÐNAÐARSAFNINU



Upprunalegu peysurnar þrjár sem sjást í sýningunni eru varðveittar í Halldórustofu í Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi.

Duggarapeysan

Í heimildum frá Halldóru Bjarnadóttur (1873-1981) segir:

“Á kreppuárunum, 1920-40, voru svona peysur handprjónaðar þúsundum saman og seldar Veiðarfæraverslunum í Reykjavík og einnig á Akureyri. Eftirsóttar.”

Duggarapeysan var einnig útflutningsvara. Í peysurnar var notað þríþætt togband en þelband haft í kragann.





Blómapeysan

Mórauð peysa með hvítu munstri. Rósabekkur fyrir ofan stuðla og á ermum.

Peysuna prjónaði Guðrún Björnsdóttir (1854-1946) frá Mánaskál í Laxárdal, Austur-Húnavatnssýslu.

Talið er að hún sé með fyrstu peysunum sem prjónaðar voru úr lopa eingöngu.

Halldórupeysan

Peysan var í eigu Halldóru Bjarnadóttur (1873-1981) og er talin hafa verið prjónuð í kringum 1940. Ekki er vitað hver prjónaði peysuna.

Peysan er prjónuð úr spunninni ull, ljósmórauð með hvítu og dökkmórauðu munstri.

Talið er að peysan hafi verið ein af uppáhaldsflíkum Halldóru enda er hún mjög slitin.



Sýningin byggir á rannsókn Ásdísar Jóelsdóttur

Sýningarhönnun: Auður Ösp Guðmundsdóttir

Ljósmyndun vefsýningar: Róbert Daníel Jónsson

Uppsetning vefsýningar og viðauki: Ástríður Jóhannesdóttir og Elín S.
Sigurðardóttir

Vefsýningin er gefin út af Heimilisiðnaðarsafninu árið 2020 og var
útgáfan styrkt af Safnasjóði.

Öll afritun eða hagnýting er óheimil án skriflegrar heimildar
Heimilisiðnaðarsafnins á Blönduósi.

